

Vélatrygging (vélbrotatrygging)

Skilmáli nr. E-19

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Um vélatrygginguna gilda vélatryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vélatryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli. Bótasvið

1. gr. Gildisvið

a) Vátryggt er:

- Vátryggðar eru allar vélar og búnaður sem tilgreind eru í vélatryggingarbeiðninni.
- Vélar eru vátryggðar þegar þær eru tilbúnar til notkunar í atvinnurekstri; nýr útbúnaður er vátryggður þegar uppsetningu hans er endanlega lokið og hann hefur staðist prófun sem félagið samþykkir.
- Vátrygging þessi gildir hvort sem hinir vátryggðu hlutir eru í notkun eða ekki, sundurteknir vegna hreinsunar eða viðgerðar, í tilflutningi á lóð verksmiðjunnar eða í endursamsetningu.
- Vátryggingin gildir um hina vátryggðu hluti á meðan þeir eru á vélatryggingarstaðnum sem tilgreindur er í vélatryggingarbeiðninni.

b) Ekki er vátryggt:

- Hvers konar tæki sem ætlast er til að skipt sé um reglulega, svo sem borar, mulningstæki, steypumót, hnífar, sagarblöð, slípisteinar og stansar.
- Færibönd, sigti og slöngur, gúmmí-, tau- og plastfóðringar og strimlar, burstar og hjólbarðar, reipi, keðjur og belti, hlutir úr gleri, postulíni eða leir.
- Undirstöður, múrsteinsklæðning í eldholum, ofnum og ílátum, eldristar, brennarastútar.
- Eldsneyti, síur, kælimiðlar, hreinsiefni, smurning, olía.
- Hvatar, kemísk efni, blöndunarefni.

c) Eigin áhætta:

- Eigin áhætta hins vátryggða, er ákveðin sérstaklega í hverjum vélatryggingarsamningi. Verði margar vélar fyrir tjóni við sama tjónsatburðinn og beri þær mismunandi eigin áhættu, þá gildir hæsta eigin áhættan.

d) Hver er vátryggður?:

- Vátryggður er eigandi þeirra tækja sem tiltekin eru á vélatryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Bótaskyld tjónsatvik

- Félagið bætir skyndilegt og ófyrirsjáanlegt tjón eða skemmdir sem kalla á viðgerðir eða skipti á hlutum og stafa af:
- Tilfallandi vinnsluóhöppum, svo sem að vél eða búnaður séu vanstillt, að hlífðarbúnaður bili eða reynist gallaður, að hlutir losni eða að aðskotahlutir komist í vélina.
 - Því að hlutir breyta vegna miðflóttakrafts.
 - Vatnsskortir í gufukötlum eða þrýstikerjum.
 - Yfir- eða undirþrýstingum, nema atvik valdi sem eru undanskilin samkvæmt gr. 3.3.
 - Skammhlaupi, of hárra rafspennu eða of miklum rafstraumi, nema orsakir séu atvik sem undanþegin eru samkvæmt gr. 3.3.
 - Veikleikum eða göllum í hönnun, efni eða smíði og rangri uppsetningu, sbr. þó gr. 3.7.
 - Rangri notkun, kunnáttuleysi, vanrækslu eða ásetningu starfsmanna, með fyrirvara um gáleysis og/ eða ásetningsverknað, sem fram kemur gr.3.2 og 3.5.
 - Stormi.
 - Hvers konar óhöppum sem ekki eru undanþegin í 3. gr.

3. gr. Undanskilin tjónstilvik

Félagið bætir ekki tjón eða skemmdir sem stafa af:

- ryðmyndun, tæringu, rýrnun eða sliti og hvers konar vélarhlutum af völdum eðlilegrar notkunar eða annarra samfelldra áhrifa frá efnum eða andrúmslofti, óæskilegri uppsöfnun ryðs, leðju, ketilsteins eða annarra útfellinga;
- bilun vegna prófunar, vegna of mikils álags, af ásettu ráði, eða vegna tilrauna, sem fela í sér óeðlileg vinnslukilyrði fyrir vélina.
- Eldsvoða, sprengingu, eldingu, hvort sem tjónið er beint eða óbeint slökkvistarfi, og því sem þessu fylgir: Niðurbroti, sundurtekt og hreinsun rústa;
- þjófnaði eða innbroti;
- ásetningu eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða starfsmanna í ábyrgðarstöðu hjá honum, svo sem framkvæmdastjóra, verksmiðjustjóra, verkstjóra og vaktformanna, á því sviði sem þessi vélatrygging tekur til;
- hvers konar veikleika eða göllum sem voru fyrir hendi við gildistöku þessarar tryggingar og vélatryggingartaka, hinum vátryggða, eða stjórnendum þeirra, var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um;
- orsökum sem framleiðandi eða seljandi hinna vátryggðu hluta ber ábyrgð á samkvæmt lögum eða gerðum samningi;
- Félagið bætir hvorki óbein né afleidd tjón og greiðir ekki skaðabótakröfu frá þriðja aðila.

4. gr. Vátryggingarupphæð

- Vátryggingarupphæð skal vera jafnhá kaupverði á nýrri vél eða búnaði, af sömu tegund og með sömu afkastagetu, ásamt öllum flutningskostnaði á tryggingarstað, uppsetningu, tollum og öðrum gjöldum.
- Vátryggingarupphæðir, eins og eigin áhætta, breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs.

5. gr. Grundvöllur bótagreiðslna

- 5.1 Í tjónstílvikum þar sem viðgerð reynist framkvæmanleg, greiðir félagið bætur til að koma skemmdu vélinni í sama vinnsluástand og hún var í fyrir tjón. Ef slík viðgerð leiðir til aukningar á verðmæti vélarinnar, þá lækka tjónabæturnar sem verðmætaaukningunni nemur. Félagið greiðir einnig kostnað við sundurtekt og enduruppbyggingu vegna viðgerðar, svo og eðlilegt flutningsgjald, tolla og önnur gjöld, ef einhver eru. Fari viðgerð fram á verkstæði í eigu váttryggðs, greiðir félagið efniskostnað og laun vegna viðgerðarinnar, auk eðlilegs stjórnunarkostnaðar. Frá tjónabótum skal draga verðmæti endurnýtanlegra hluta.
- 5.2 Eyðileggist váttryggð vél, eða verði viðgerðarkostnaður jafnmikill eða meiri en raunverulegt verðmæti vélarinnar, verða bótagreiðslur þannig: Félagið greiðir raunvirði hlutarins, eins og það var þegar tjónið varð. Raunvirði er talið verð nýrrar vélar eða búnaðar (að viðbættum flutningskostnaði, uppsetningu og tollum) að frádregnum eðlilegum afskriftum. Félagið greiðir einnig eðlilegan kostnað við að fjarlægja þær vélar, sem skemmst hafa, en ávallt skal draga frá verðmæti þeirra hluta, sem unnt er að endurnýta.
- 5.3 Kostnaður við viðhald, breytingar, viðbætur eða endurbætur, sem framkvæmdar eru samtímis viðgerðinni, greiðist ekki.
- 5.4 Félagið greiðir kostnað af bráðabirgðaviðgerð ef slík viðgerð er hluti af endanlegri viðgerð og eykur ekki heildarviðgerðarkostnaðinn.
- 5.5 Félaginu er í sjálfvald sett hvort það lætur gera við hinn skemmda hlut, afhendir váttryggingartaka heila, samskonar muni, með sama notagildi, eða bætir tjónið samkvæmt mati með peningagreiðslu.
- 5.6 Bótaskylda félagsins fyrir sérhverja vél eða tæki skal aldrei nema hærri upphæð en tryggingarupphæðinni á hverju tryggingarári; þó geta bætur á einu ári orðið hærri, greiði váttryggingartaki hlutfallslegt viðbótariðgjald.
- 5.7 Sérstakur kostnaður, s.s. vegna yfirvinnu, hraðsendinga og flugfraktar, sem stofnað er til vegna tjónsatburðar, bætist ekki nema þess sé sérstaklega getið í váttryggingarsamningnum.

6. gr. Varúðarreglur

- 6.1 Váttryggðum ber að sjá um að umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Váttryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Brunamálastofnun og Löggildingarstofu.
- 6.2 Váttryggður skal gera allt sem eðlilegt getur talist til að halda hinum váttryggðu hlutum í góðu lagi, og sjá svo um að þeir verði ekki af ásettu ráði, eða af vana keyrðir með yfirálagi. Váttryggður skal í einu og öllu fylgja leiðbeiningum framleiðanda hinna váttryggðu véla eða búnaðar varðandi notkun þeirra eftirlit með þeim og viðhald, svo og lögum og reglugerðum ríkis og sveitarfélaga og öðrum bindandi reglum sem í gildi eru varðandi notkun þeirra og viðhald

2. kafli. Almenn skilyrði

1. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

2. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

- 2.1 Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 2.2 Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

3. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfhábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluserðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

4. gr. Réttur þriðja manns- Samsómum

- 4.1 Váttrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á váttryggingarskírteini. Meðváttryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en váttryggður.
- 4.2 Sé váttrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019